

1872.

5. nóvbr.

**104. Bréf hinnar íslenzku stjórnardeildar í dómsmála-
stjórninni til skrifstofu ríkisþingsins, um „Tíðindi
frá ríkisþingi Dana“ handa alþingi og landshöfðingja-
embættinu.**

Í bréfi til dómsmálastjórnarinnar hefir stiptamtmaðurinn yfir Íslandi skýrt frá, að hin 3 síðustu ár af „Tíðindum frá ríkisþingi Dana“, sem eru 1869—70, 1870—71 og 1871—72, sè eigi til í bókasafni alþingis, og að bókaörður hafi ekki getað látið aðrar upplýsingar til um það, en að þessi ár hafi ekki verið send bókasafninu; hefir stiptamtmaður því mælt til þess, að stjórnarráðið gjöri ráðstöfun til að þau árin, sem vanti, verði send, og að bókasafn alþingis framvegis fái Tíðindin. Við sama tækifæri hefir stiptamtmaður borið upp fyrir stjórnarráðinu, hvort eigi sè ástæða til samkvæmt þeirri stöðu, sem þessum embættismanni er ætluð, að koma því til leiðar, að látið verði til ókeypis eitt exemplar af ríkisþingtíðindunum handa skjalasafni landshöfðingjans.

Útaf þessu mælist stjórnardeildin til samkvæmt boði dómsmálaráðherrans, að skrifstofa ríkisþingsins sendi alþingisbókasafninu tæð 3 ár af ríkisþingtíðindunum með því póstskipi, sem fer hëðan 8. þ. m., og stingur stjórnardeildin jafnframt uppá, hvort eigi megi veita landshöfðingja-embættinu, sem stofnað var með konungsráðgjöf 29. júní þ. á., ókeypis exemplar af Tíðindunum.

5. nóvbr.

**105. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptyfirvaldanna
á Íslandi, um gjald spítalahluta.**

Í bréfi, dagsettu 6. júlí þ. á., hafið þér herra stiptamtmaður, og þér, háæruverðugi herra, skýrt frá, að tekið hafi verið eptir, þegar reikningar þeir voru endurskoðaðir, sem sýslumenn á Íslandi hafa gjört fyrir heimtingu gjalds þess til læknasjóðsins íslenzka, sem fyrir er mælt um í tilsk. 10. ágúst 1868, að gjaldið hafi verið greidd í